

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

*Mjölnisholt 4, 6 og 8.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 12. október 2016 breytingu á Hampiðjureit vegna lóðanna nr. 4, 6 og 8 við Mjölnisholt. Í breytingunni felst hækkun húsanna. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Árbær–Selás, Hraunbær 93-99.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 12. október 2016 breytingu deiliskipulaginu Árbær–Selás vegna lóðarinnar nr. 85-99 við Hraunbæ. Í breytingunni felst stækkun byggingarreita fjögurra bílskúra sem tilheyra Hraunbæ 93-99. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 11. nóvember 2016.*

**Björn Axelsson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 25. nóvember 2016